



Alþingi - nefndasvið
B.t. ritara landbúnaðarnefndar
Alþingi
150 Reykjavík

Embætti talsmanns neytenda
Forbrugertalsmanden
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is

Höfðaborg
Borgartúni 21, 2. hæð
IS-105 Reykjavík
Sími 510 1100, fax 510 1101

Reykjavík, 27.02.2007

Tilv. 2005/0037 - 2.0

GT

Efni: Umsögn talsmanns neytenda um 621. mál, frv. til laga um breyting á lagaákvæðum er varða tollkvóta við innflutning landbúnaðarafurða (133. löggj.þ.)

Inngangur

Vísað er til bréfs yðar, dags. 21. febrúar sl., um ofangreint þingmál.

Í frumvarpinu segir ekki hvaða aðferð skuli viðhöfð við úthlutun tollkvóta. Þó virðist af hálfu fjármálaráðuneytis gert ráð fyrir að aðferðin verði útboð enda er gert ráð fyrir því í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis að frumvarpið leiði til tekna fyrir ríkissjóðs og þær ráðist „af niðurstöðum útboða.“

Tillaga

Lagaheimild til útboðs tollkvóta virðist að finna í 4. málslíð 2. mgr. 65. gr. gildandi laga nr. 99/2003 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum (búvörulaga) sem hljóðar svo:

„Berist umsóknir um meiri innflutning en sem nemur tollkvóta vörunnar skal heimilt að láta hlutkesti ráða úthlutun eða leita tilboða í heimildir til innflutnings samkvæmt tollkvótum og skal andvirðið þá renna í ríkissjóð.“

Þannig virðist hlutkesti vera aðalregla búvörulaga eða a.m.k. jafnréttá útboðsleið.

Þó að sú ákvörðun sé á forræði landbúnaðarráðherra legg ég samkvæmt framansögðu til að lagaheimild til *hlutkestis* verði nýtt nema beitt verði ákvæði 6. málslíðar 2. mgr. 65. gr. sömu laga þar sem segir:

„Heimilt er í stað úthlutunar á tollkvóta að veita almenna heimild til innflutnings á þeim tollum sem um tollkvótana gilda.“

talsmaður neytenda

- stendur vörð um hagsmuni og réttindi neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavernd
- gefur út rökstuddar álitserðir
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreiningsmála
- bregst við brotum gegn réttindum og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrirmælum frá öðrum


Rök

Neytendur hafa hagsmuni af lægra verði á landbúnaðarvörum. Tel ég þá hagsmuni þyngri en hagsmuni ríkisins af tekjum af útboði tollkvóta. Útboð er til þess fallið að hækka verð á landbúnaðarvöru til neytenda. Þá segir í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis um frumvarpið að tekjur ríkissjóðs af gjaldi fyrir tollkvóta kunni að aukast. Enda þótt útboð geti verið vel til þess fallið að ráðstafa takmörkuðum gæðum tel ég ekki samrýmanlegt hagsmunum neytenda af lágu verði á landbúnaðarvörum að útboð verði viðhaft. Þá er hugsanlegt að útboð á magntollkvótum eins og hér er gert ráð fyrir skili enn hærra gjaldi en útboð á verðtollum eins og í gildandi lögum.

Lokaorð

Þá tel ég ekki réttlætanlegt gagnvart hagsmunum neytenda að í lög verði sett önnur aðferð sem hækki enn vöruverð til neytenda. Verði tilvitnuð lagaheimild til hlutkestis ekki nýtt legg ég áherslu á að valin verði aðferð sem er samrýmanleg hagsmunum neytenda. Er mikilvægt að sú aðferð skapi ekki önnur vandamál á borð við verslun með kvóta eins og tíðkast hefur í öðrum úthlutunarkerfum á takmörkuðum gæðum.

Virðingarfyllst,
talsmaður neytenda,



Gisli Tryggvason.